

EFNISYFIRLIT	1
INNGANGUR	5
VELKOMIN Í LEIKSKÓLANN GARÐASEL	6
Starfsfólk leikskólans	6
NÁMSKRÁ LEIKSKÓLANS GARÐASELS	8
Aðalnámskrá leikskóla.....	8
Lög um leikskóla	8
Reglugerð um starfsemi leikskóla.....	8
Leikskólanám	9
Nám í leik.....	9
Nám í daglegu lífi leikskóla	9
Nám í samskiptum.....	9
Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun	9
STEFNA LEIKSKÓLANS GARÐASELS	10
Markmið leikskólans – sérstakar áherslur.....	10
Einkunnarorð leikskólans eru hreyfing-virðing-kærleikur og skapandi starf....	10
Hreyfing.....	10
Virðing	10
Kærleikur	11
Skapandi starf/skapandi hugsun	11
Hegðunarmótun og agi.....	11
NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA	11
Hreyfing.....	11
Málrækt	12
Myndsköpun.....	12
Leikskólinn Garðasel.....	1

Tónlist	13
Náttúra og umhverfi.....	13
Tölva	13
Menning og Samfélag.....	13
DAGLEGT LÍF LEIKSKÓLANS	16
Dagskipulag í Garðaseli	16
Að koma og fara	17
Fataklefinn.....	17
Borðhald	17
Svefn og hvíld	17
Hreinlæti.....	17
Umönnun	18
Frágangur og snyrtimennska.....	18
LEIKSKÓLASTARF – LÍFSLEIKNI	18
Leikurinn	18
Val.....	19
Hópavinna/þemavinna	19
Þemavinna	20
Skólaárið 2006 – 2007 er unnið með ákveðið þema fyrir hvern árgang.....	20
2ja ára börn: Ég sjálf/ur, lífsleikni	20
3ja ára börn: Ég sjálf/ur, lífsleikni	20
4ra ára börn: Ég sjálf/ur, fjölskyldan og lífsleikni (vináttan).....	21
5 ára börn: Undirbúningur fyrir grunnskólanám og þærinn minn – Reykjanesbær	21
Elstu barna verkefni.....	21
Samverustundir	22
Vettvangsferðir/kraftganga.....	22
Leikskólinn Garðasel.....	2

Útivera	23
Lestrarmenning Reykjanesbæjar	23
Samskipti milli skólastiga.....	23
NÁM ÁN AÐGREININGAR – SÉRKENNSLA	24
Yfirumsjón – Sérfræðipjónusta – Samstarfsaðilar	24
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	25
Dvalarsamningur.....	25
Vistgjöld.....	25
Systkinaafsláttur	25
Uppsagnir/breytingar	25
Fjarvistir barna/ óhöpp eða slys	25
Fatnaður	25
Lyfjagjöf	25
Breyting á högum	26
Leikföng	26
Fréttabréf.....	26
Heimasíða leikskólans	26
Skipulagsdagar	26
Sumarleyfislokun.....	26
Aðfangadagur og gamlársdagur	26
Trúnaðar- og tilkynningaskylda	26
Ársáætlun / dagatal	27
Ársskýrsla	27
Upplýsingatafla.....	27
Handbók um áföll og teymisvinnu.....	27
Hver má koma með/ sækja barnið í leikskólann	27
Leikskólinn Garðasel.....	3

Viðtalstímar	27
FORELDRASAMVINNA – MARKMIÐ OG ÁHERSLUR.....	28
Foreldrafélag	28
Foreldrasamtöl	28
Samstarf heimilis og leikskóla.....	28
Aðlögun.....	29
Flutningur á milli deilda	29
INNRA/ YTRA MAT – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	29
Innra mat í Garðaseli.....	29
Innra mat er metið með hinum ýmsu prófum og athugunum sem eru:.....	30
Hljóm	30
MOT – hreyfiþroskapróf	30
Atferlisathuganir	30
Íslenski þroskalistinn.....	30
Ytra mat.....	30

Inngangur

Leikskóli er samkvæmt lögum nr.78/1994 fyrsta skólastig barnsins og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskólinn annast í samræmi við lög þessi, uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri, undir handleiðslu fagfólks í leikskólauppeldi (lög um leikskóla 1994).

Með tilkomu aðalnámskrár leikskóla frá árinu 1999, sem er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldistörf og myndar sveigjanlegan starfsramma fyrir leikskóla, var öllum leikskólum landsins gert að semja skólanámskrá sem í væri heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans. Skólanámskráin sem hér lítur dagsins ljós er sú fyrsta fyrir leikskólann Garðasel. Allir starfsmenn leikskólans koma að gerð skólanámskráarinnar, þar sem þeir vinna að þróun uppeldisstarfsins hér á bæ. Skólanámskrá leikskólans mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í aðalnámskrá leikskóla, sérstökum áherslum/stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi leikskólans og þann faglega og persónulega bakrunn sem mótar viðhorf leikskólakennara og starf.

Markmið skólanámskráar er að:

- Gera leikskólastarfið sýnilegra
- Veita yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla
- Gera leikskólastarfið markvissara og auðveldara
- Veita heildarsýn yfir uppeldisstarfið
- Gefa starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því
- Gera nýliðum auðveldara að komast inn í starfið
- Auðvelda markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila

Markmið okkar var að gera skólanámskránnar sem aðgengilegasta fyrir alla þá aðila sem munu koma til með að nýta sér hana.

Reykjanesbær febrúar 2007.

Ingibjörg Guðjónsdóttir leikskólastjóri

Velkomin í leikskólann Garðasel

Leikskólinn Garðasel

V/ Hólmgarð 4

230 Reykjanesbæ

Sími:..... 421-3252

Farsími:..... 898-3252

Leikskólastjóri:..... 421-3252 / 896-5058

Fax:..... 421-3221

Netfang: gardasel@reykjanesbaer.is

Netfang leikskólastjóra: ingibjorg.gudjonsdottir@reykjanesbaer.is

Veffang Garðasels: www.reykjanesbaer.is/gardasel

Veffang Reykjanesbæjar: www.reykjanesbaer.is

Opnunartími: 7.30 – 18.15

Leikskólastjóri: Ingibjörg Guðjónsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Inga Sif Gísladóttir

Matráðar: Ágústa Guðmundsdóttir og Sólrún Aradóttir

Kæru börn og foreldrar velkomin í leikskólann Garðasel. Leikskólinn Garðasel tók til starfa um mánaðarmótin maí/júní árið 1974. Leikskólinn var svo formlega tekinn í notkun eða vígður 3. ágúst sama ár. Húsið var gefið til Keflavíkur vegna eldgossins í Heimaey árið 1973. Það voru sænsk kvennasamtök “ Redda barnet” sem gáfu húsið. Húsið inniheldur tvær deildir ásamt góðum sal. Árið 1981 byggði Keflavíkurbær hús á lóðinni sem í voru tvær deildir. Árið 2002 byggði Reykjanesbær tengibyggingu á milli þessara tveggja húsa og með henni batnaði heldur betur starfsmannaaðstaða í skólanum. Frá því í september 2006 og fram á vor 2007 er verið að endurbæta húsnæði skólans. Allar deildir teknar í gegn þ.e. veggir einangraðir upp á nýtt, settur gólfhiti í þann hluta sem hýsir eldri deildir og sal, salernisaðstaða bætt til muna, dúklagt, nýjar hurðir, málað, skipt um ljós og raflagnir endurnýjaðar. Einnig er verið að byggja við húsið starfsmannaaðstöðu þ.e. skrifstofu fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, kaffistofu starfsfólks, salernisaðstöðu fyrir starfsfólk og nýjan starfsmannainngang. Í sumarfríinu verður ráðist í það að stækka eldhús og endurbæta það.

Í skólanum dvelja 117 börn á aldrinum 2-6 ára. Fjöldi barna samtímis miðað við fulla nýtingu er 115 börn og 33 starfsmenn í mismunandi stöðugildum. Garðasel er fjögurra deilda leikskóli með sveigjanlegum vistunartíma en ekki er boðið upp á vistun einungis eftir hádegi. Deildirnar heita Þúfa og Lundur sem eru á vesturgangi, þar eru 28 börn á aldrinum 2 og 3ja ára. Hvammur og Varða eru á austurgangi, en þar eru 32 börn á aldrinum 4ra og 5 ára. Við stefnum að því að deildirnar allar verði ekki með fleiri börn en 28. Deildirnar á hverjum gangi fyrir sig vinna saman og mynda eina heild. Leikskólinn er opin frá 7:30-18:15. Útisvæði skólans er bæði stórt og gott og eru miklir möguleikar til vettvangsferða og eða kraftgöngu um nánasta umhverfi skólans.

Starfsfólk leikskólans

- Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber stjórnunarlega / rekstararlega ábyrgð ásamt því að vera faglegur stjórnandi og leiðbeinandi.

- Aðstoðarleikskólastjóri er aðstoðarmaður leikskólastjóra og staðgengill í fjarveru hans, ásamt því að vera honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild / heimastofu. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni / heimastofunni.
- Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á deildinni.
- Leikskólasérkennari starfar á deildum vegna sérkennslu við einstök börn.
- Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu í leikskólanum
- Matráðar í eldhúsi sjá um matartilbúning, gerð matseðla og innkaup á matvöru fyrir leikskólann.
- Ræstingar eru boðnar út og þrifið er daglega eftir að skólanum er lokað.

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið er trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Námskrá leikskólans Garðasels

Markmið námskráar er að vera leiðarvísir um hvað og hvernig, hvenær og hvar fjölbreytt uppeldi og menntun leikskólans á að fara fram. Skólanámskrá á að móttast af Aðalnámskrá leikskóla, sérstökum áherslum og stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hún á að veita heildaryfirlit yfir starfsaðferðir leikskólans og grundvöllur fyrir gæðamat og framþróun.

Markmið námskráarinnar er:

- Að skipuleggja uppeldi og nám barnanna
- Að stuðla að skilvirkara starfi
- Að gera leikskólastarfið sýnilegra

Aðalnámskrá leikskóla

Menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrá leikskóla. Hún er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hún inniheldur hugmyndafræði leikskóla, markmið og leiðir. Aðalnámskrá er ákveðinn rammi umleikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskrárgerðar.

Í Aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á að efla alhliða þroska barnsins, heilbrigða lífshætti og lífsviðhorf, lífsleikni og sjálfstraust þess. Í leikskóla skal barnið ávallt vera í brennidepli og gert er ráð fyrir að barnið sé hæfileikaríkur og getumikill einstaklingur sem kann, getur og vill.

Lög um leikskóla

Leikskólinn er fyrsti skóli barnsins, fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Í leikskóla fer fram uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri. Orðið menntun er notað í víðri merkingu, þ.e. uppeldi, umönnun, nám og kennsla. Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla og reglugerð með þeim og Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gefur út.

Reglugerð um starfsemi leikskóla

Reglugerð um starfsemi leikskóla tekur til ýmissa ákvæða í leikskólastarfinu er varða húsnæði, búnað og útileiksvæði. Einnig starfslíð og barnafjölda, samstarf leikskóla og foreldra og ýmislegt fleira

Lög um leikskóla, Reglugerð um starfsemi leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla er að finna á netinu: www.mrn.stjr.is

Leikskólanám

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barnsins, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþættina sem samtvinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barnsins og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsþætti, fegurðarskyn og sköpunarþætti, siðgæði og lífsviðhorf. Í leikskólaskrifum er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

Nám í leik

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barnsins, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnsins. Uppeldisfræðingar leggja áherslu á mikilvægi leiksins sem náms- og þroskaleiðar. Margskonar upplifanir barnsins svo og dagleg störf fullorðna fólksins glæða leik barnsins lífi og innihaldi.

Nám í daglegu lífi leikskóla

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Kennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnsins, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snytingu. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólaskrifum. Ummönnun er fólgin í því að annast barnið líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Kennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Samvinna, samkennd, tillitsemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna í orði og athöfnum.

Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem barn verður að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnsins, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þess. Kennarar eiga að skapa aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi. Þannig gefst barninu tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttða reynslu.

Stefna leikskólans Garðasels

Í leikskólanum Garðaseli er starfað samkvæmt lögum um leikskóla nr.78/1994 og Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út 1999. Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgerfi, menningu eða trú. Leikskólinn er aldursskiptur og er markmiðið að koma til móts við þarfir mismunandi aldurs barnanna. Yngri deildirnar eru tvær, fyrir tveggja og þriggja ára börn og tvær eldri deildir, fyrir fjögurra og fimm ára börn. Boðið er upp á sama dagskipulag fyrir alla nemendur en áherslur í öðru starfi innan skólans eru mismunandi. Boðið er upp á mismunandi leikefni og búnað eftir aldri og færast börnin einu sinni frá yngri deild yfir á eldri deild á leikskólagöngu sinni.

Markmið leikskólans – sérstakar áherslur

Markmið okkar er að efla alhliða þroska barnsins í samræmi við eðli, þarfir og þroska hvers og eins, í gegnum leikinn. Á þessu þroskaskiði er leikurinn lífstjáning barnsins og ríkjandi athöfn og þroskast lítið barn best og eðlilegast í gegnum hann.

Meginmarkmið okkar er að efla hreyfifærni barnsins sem er undirstaða alls almenns þroska og eðlilegrar jákvæðar sjálfsmyndar, ásamt lífsleiki, umburðarlyndi, víðsýni og skapandi starfi.

Leiðir okkar til að ná fram settu markmiði er í grófum dráttum:

- Markviss hreyfing, þ.e. mikil áhersla er lögð á fjölbreyttar skipulagðar hreyfistundir og jóga þar sem jafnvægi ríkir á milli gróf- og fínhreyfinga ásamt kraftgöngu og vettvangsferðum.
- Markviss málörvun, lífsleikni og opinn og einfaldur efniviður.

(Val, hópavinna - þemavinna, einingakubbar/holkubbar, leikfimi, vettvangsferðir og kraftganga og elstu barna verkefni/könnunaraðferð).

Einkunnarorð leikskólans eru hreyfing-virðing-kærleikur og skapandi starf

Hreyfing

Hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Í markvissri hreyfipjálfun eflist alhliða þroski barnsins og barnið öðlast góða líkamsvitund. Þetta leiðir af sér aukna félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd

Virðing

Virðing er eitt mikilvægasta gildið í mannlegum samskiptum. Virðing kemur ekki af sjálfu sér, hún er ekki meðfætt gildi, hún er lærð. Þegar við sýnum öðru fólki virðingu felur það í sér að við sýnum öðru fólki heiður. Virðing endurspeglast í þeirri kurteisi sem við sýnum hvort öðru, hvernig við tölum við annað fólk, hvernig við tölum um það og hvernig við förum með eigur annarra. Lögmál innri og ytri virðingar er: allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skulið þér og þeim gjöra.

Kærleikur

Uppspretta kærleikans er í dýpstu fylgsnum vorum og við getum hjálpað til að njóta hans. Eitt orð, ein gjörð eða ein hugsun getur dregið úr þjáningum manns og fært honum fögnuð. Kærleikur er val, hvorki einfalt eða nauðsynlegt, heldur fremur vilji til að vera í nánd annarra án tilgerðar eða undirferlis. Kærleikur er að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.

Skapandi starf/skapandi hugsun

Skapandi starf eða skapandi hugsun er ferli sem byggir á því að nýta sér fyrri reynslu, bregðast við áreitum og finna nýjar leiðir eða lausnir. Skapandi starf er ekki bara listsköpun heldur allt atferli/leikur sem á sér stað.

Hegðunarmótun og agi

Í Garðaseli eru SOS hegðunarmótandi aðferðir viðurkenndar sem áhrifarík leið til að beita aga á jákvæðan og viðurkennandi hátt.

SOS hegðunarmótun byggist á kenningum atferlisfræðinnar. Í atferlisfræði er því haldið fram að bæði slæm og góð hegðun sé áunnin. Einnig er því haldið fram að hægt sé að venja af eða breyta hegðun. SOS kerfið býður upp á reglu, aðferðir og skipulag sem hægt er að nota til að bæta hegðun barna. SOS kerfið hjálpar til við að bæta aga án þess að niðurlægja barnið og notar til að mynda áhrifaríkar aðferðir eins og einveru til að stöðva óæskilega hegðun.

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og eru þau samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfsins: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.

Í allri vinnu með börnunum leitumst við við að flétta námssviðunum inn í daglegt starf leikskólans.

Hreyfing

Hreyfing felur í sér færni til að stjórna líkamanum og nota hann til að tjá hugmyndir og tilfinningar. Hreyfing felur í sér sterk tengsl milli hugar og handa. Hún stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Markmiðið með hreyfingunni er að börnin njóti þess að hreyfa sig frjálst, stjórni betur gróf- og fínhreyfingum, læri að umgangast aðra eðlilega, öðlist aukinn félags-tilfinninga-og siðgæðisþroska, fái aukið sjálfstraust, viljastyrk og fái stuðning við þroskaferli í öðrum námsgreinum.

Hreyfingin í Garðaseli er einu sinni í viku fyrir hvern hóp, 30 mínútur í senn. Hreyfingin er aldurskipt, hver árgangur fyrir sig er saman. Hreyfingin byggist á fjölbreyttum skipulögðum hreyfistundum sem skiptast í upphitun, aðalæfingu og slökun (jóga). Kerfið sem nýtt verður með börnunum er byggt á námi kennarans,

reynslu, þekkingu og hugsjón. Unnið verður með börnin í smáum hópum, þannig að einstaklingurinn fær að njóta sín til fulls, bæði andlega og líkamlega. Grunnurinn er byggður á meðvitund um sjálfan sig, líkamann, huga og sál. Út frá því er unnið með sjálfsvirðinguna, sjálfsmyndina og fleira sem kemur út frá hreyfingunni með ásetningi sem snýr að gleði, þakklæti og meðvitund sem svo ýtir undir ást, kærleika og umhyggju fyrir sjálfum sér og þar af leiðandi með öðrum. Hreyfiþroskapróf M.O.T. eru tekin af 4 – 6 ára börnum og fer þetta fram einu sinni á ári í þeim tilgangi að sjá hvar þau standa í hreyfiþroska. Leikskólinn er vel útbúinn af tækjum og búnaði hvort sem um er að ræða inni t.d. trampólíni, jafnvægislá, dýnum, gjörðum, boltum, keilum, rimlum, klifurvegg, snúningsdisk og skíðataeki. Ásamt körfuboltaspjaldi og fótboltamörkum á útisvæði. Einu sinni á ári á haustmánuðum höfum við inniþróttadag og á vormánuðum höfum við útiþróttadag. Kraftganga/vettvangsferðir eru líka þættir er varða hreyfinguna og samhliða því skoða þau hina ýmsu staði í umhverfinu.

Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna. Málörvun gengur eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Segja má að málörvun greinist ekki frá öðrum uppeldisþáttum, heldur fléttast inn í alla þætti starfsins s.s. hreyfingu, hópavinnu, matmálstíma, val, útiveru, samverustundum og fataklefum. Unnið er með markvissa málörvun í öllum árgöngum leikskólans einu sinni til tvisvar í viku. Þar er lögð áhersla á þjálfva hljóðkerfisvitund barnsins með rími, að klappa samstöfur, með að setja saman orð, hljóðgreiningu, margræð orð og hljóðtengingu. Í leikskólanum er stuðst við greiningartæki Hljóm 2 sem gerir okkur mögulegt að finna þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestarörðugleikum. Þetta próf er lagt fyrir börn á aldrinum 5 – 6 ára á haustönn. Með því finnum við þau börn sem eru með slaka hljóð- og málvitund. Leikskólinn gerir viðeigandi ráðstafanir varðandi nánari greiningu og þjálfun og þannig unnið markvisst fyrirbyggjandi starf. Til að meta árangur þjálfunar leggjum við aftur Hljóm 2 fyrir þau börn sem komu slök út á fyrra prófinu til að meta stöðu þeirra í dag.

Einu sinni í mánuði er farið markviss með elsta árganginn í Bókasafn Reykjanesbæjar. Við leggjum áherslu á að leikskólakennarar séu góðar málfrirmyndir og að ritmálið sé sýnilegt í leikskólanum.

Myndsköpun

Myndsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill. Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli á skapandi hátt. Myndsköpun er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Frjáls og skapandi myndgerð barns mótast af þroskastigi þess, reynslu og uppvaxtarskilyrðum. Skapandi myndmótun eflir sjálfstraust barnsins. Sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman, því skapandi starf eflir þroskaþætti barnsins. Myndsköpun er í boði hverju barni í vinnustundum og í vali alla daga. Við leggjum áherslu á fjölbreyttan efnivið sem hægt er að nota á margvíslegan hátt. Mikilvægt er að leggja ekki fyrirmyndir fyrir börnin heldur hvetja þau til að kanna viðfangsefnið áður en að farið er að skapa. Við leggjum áherslu á að nægur tími, hvatning og alúð sé til staðar og verkum barnanna sýnd virðing. Mikilvægt er að hinn fullorðni sýni börnunum lifandi áhuga og láti þau ávallt finna að það sem þau skapa sé mikils virði, t.d. með því að hengja upp myndir barnanna.

Markmið sköpunar er :

- Að sjálfstæði barnsins í sköpunarvinnunni aukist.
- Að barnið fái tækifæri til að tjá sig í sköpun með ýmis konar efnivið.

Tónlist

Tónlistin er mikilvægur þáttur í uppeldi leikskólabarna. Með iðkun tónlistar þróa börn með sér næmi fyrir hljóðum, hrynjanda, hreyfingu og auk þess er tónlist vettvangur frjálsrar skapandi tjáningar. Leikskólinn býr við góðan hljóðfærakost og er hljómtæki á hverri deild. Í Garðaseli er söngur stór þáttur í daglegu starfi. Sungið er í samverustund, hópavinnu, í hreyfingu, í fataklefa og annars staðar þar sem tilefnið býður upp á.

Markmið tónlistarstarfs er:

- Að barnið öðlist næmi fyrir hljóðum og hreyfingu.
- Að barnið þroski með sér frumkvæði og að það skynji takt, styrk, hæð og lengd hljóðs.

Náttúra og umhverfi

Kynni barnsins af náttúrunni er þýðingarmikið fyrir þroska þess. Mikilvægt er að barnið upplifi náttúruna, komist í tengsl við hana og njóti hennar sér til yndisauka.

Markmið okkar í Garðaseli er að opna augu barnsins fyrir fegurð náttúrunnar og náttúruvernd, bera virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd. Einnig að börnunum sé séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast náttúrunni, veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sínum.

Tölva

Í nútíma samfélagi er tölva mikilvægt tæki í starfi, námi og í tómstundaiðju. Aðgengi barna á leikskólaaldri að tölvu er mismikill og er því mikilvægt að leikskólinn bjóði öllum börnum að kynnast tölvum og læra að nota þær á sinn hátt. Tölva er í boði í val tíma, hún er fyrir alla aldurshópa. Tvö börn geta valið í einu og þau læra að nota klukkuna til þess að skiptast á. Þegar unnið er með tölvur inni í leikskólastarfinu skiptir hugbúnaðurinn sem notaður er höfuðmáli. Góður hugbúnaður á að stuðla að auknum þroska barnanna á sem flestum sviðum. Forritið verður að bjóða barninu upp á að vera skapandi og framleiðandi fremur en aðeins neytandi. Því höfum við ofantalin atriði að leiðarljósi við val á leikjum.

Menning og Samfélag

Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins. Ýmsar hefðir myndast í skólakerfinu og er það þáttur í innri menningu skólans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun.

Í íslensku þjóðlífi er haldið upp á ýmsar hátíðir og hefðir og börnin kynnast þeim. Íslenska þjóðin á sinn þjóðsöng og fána, þjóðsögur, barnagælu og ævintýri sem er mikill þjóðarauður. Þessum menningararfi er miðlað til barnanna. Í leikskólanum okkar er haldið upp á hátíðir, hefðir og þeim viðburðum sem gefa tilefni til svo sem afmæli barnanna

og afmæli leikskólans. Þegar við söfnumst saman þá finnum við samhljóminn sem ríkir í leikskólanum okkar. **Hefðir sem skapast hafa í leikskólanum í tengslum við menningararfinn eru:**

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu er haldin hátíðlegur á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar ár hvert. Þá koma börn og starfsfólk á sal skólans og syngja gamla íslenska húsganga og fara með þulur. Á hverju ári fara elstu börn skólans í Heiðarskóla og skemmta fyrstu bekkungum og kennurum.

Piparkökubakstur

Börnin baka piparkökur í endaðan nóvember. Þá koma þau með svuntur að heiman til að nota við baksturinn. Spiluð eru jólalög og er stemmningin virkilega skemmtileg. Seinna mála þau og skreyta kökurnar. Foreldrum er síðan í byrjun desember boðið í nokkurs konar jólastund, þar bjóða börnin upp á piparkökur, djús, kaffi og mandarínur.

Stekkjarkot

Elstu börnin í leikskólanum fara árlega í Stekkjarkot og fá að kynna eldri hjúskaparháttum Íslendinga.

Litlu jólin

Í desember eru litlu jólin haldin á sal skólans. Þá koma foreldrar, systkini, ömmur og afar í heimsókn og taka þátt. Dansað er í kringum jólatréið og jólasöngvar sungnir. Jólasveinar koma í heimsókn, dansa í kringum jólatréð og gefa börnunum mandarínur. Börnin bjóða gestum sínum piparkökurnar sem þau bökðu ásamt kaffi, djús og mandarínur. Í hádeginu er boðið upp á hangikjöt með öllu tilheyrandi.

Aðventan

Á aðventunni fara tveir elstu árgangarnir í kirkju. Þar fer fram helgileikur og sungin eru jólalög.

Bollu-sprengi- og öskudagur

Á bolludegi er öllum krökkunum boðið upp á fiskibollur og rjómabollur. Saltkjöt og baunir eru í boði á sprengidag. Á öskudaginn er hefð fyrir því að börn og starfsfólk komi í leikskólann í grímubúning eða náttfötum og að börnin slái köttinn úr tunnunni.

Afmæli barnanna

Einn stærsti þáttur í lífi barnsins er afmælisdagurinn og er hann haldinn á föstudegi í þeirri viku sem barnið á afmæli. Barnið fær afmæliskórónu og afmæliskort frá kennurum og börnum á þeirri deild sem það er á. Afmælissöngurinn er sunginn fyrir afmælisbarnið og það býður börnunum á deildinni upp á popp eða saltstangir og djús.

Útival

Útival hefst eftir að vinnustundum lýkur á vorin. Þá eru í boði fjórir til fimm krókar sem gaman er að vinna í.

Inni- og útiþróttadagur

- Inniþróttadagurinn er haldinn innan veggja leikskólans á haustin. Þar eru settar upp hinar ýmsu þrautabrautir sem börnin glíma við með aðstoð leikskólakennarans.
- Útiþróttadagurinn er haldinn að vori til þegar veður leyfir og þá notum við umhverfi útisvæðisins til að búa til þrautabrautir sem börnin fara í gegnum með aðstoð leikskólakennarans.

Fagnaðarfundur

Fagnaðarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði og koma þá börnin saman inni í sal, yngri fyrir hádegi og eldri eftir hádegi. Í salnum tökum við lagið og stundum er boðið upp á leiksýningar sem börnin sjá um. Í lokin er haldið smá dansiball.

Sumarhátíð

Sumarhátíð Garðasels er haldin í byrjun sumars, nokkrum dögum áður en leikskólinn fer í sumarfrí og er foreldrum og ættingjum boðið að koma með börnunum. Við fögnum sumrinu með því að grilla, fara í leiki og horfa á skemmtiatriði.

Afmælishátíð Garðasels

Leikskólinn Garðasel var opnaður um mánaðarmótin maí – júní 1974 en var formlega tekin í noktun eða vígður 3. ágúst sama ár. Afmælisdagurinn okkar er því 3. ágúst og haldið er upp á það ár hvert með því að íslenski fáninn er dreginn að húni.

Þorrablot og bóndadagur

Þegar þorinn er blótaður í leikskólanum, yfirleitt í kringum bóndadaginn þá sláum við þessu tvennu saman. Í tilefni bóndadags þá bjóða börn og starfsfólk feðrum og öfum að koma og borða ýmist morgunmat eða síðdegishressingu með þeim og gæða sér á kræsingum þorrans. Einnig er lögð áhersla á íslenska siði og hefðir í þorramánuðinum ásamt íslenskri þjóðtrú.

Konudagur

Í tilefni að konudegi bjóða börn og starfsfólk mæðrum og ömmum í morgun- eða síðdegiskaffi ásamt góðum eftirrétt.

Þemalok

Í lok apríl ár hvert líkur hefðbundnu skólaári hvað varðar þemavinnu, börn og kennarar hittast í sal og skemmta sér saman. Síðan er boðið uppá grillaða hamburgara, franskar og ís í eftirrétt.

Útskrift elsta árgangs

Í maí er farið með elsta árganginn í útskriftarferð, farið er að morgni og komið heim um miðjan dag. Í ferðinni eru börnin útskrifuð, þar fá þau útskriftarskjal ásamt góðum gjöfum frá leikskólanum og foreldrafélaginu. Þegar heim í Garðasel er komið er slegið upp útskriftarveislu í boði leikskólans, þar sem foreldrar eru hjartanlega velkomnir.

Kveðjuhóf

Þegar barn útskrifast úr leikskólanum fær það að halda kveðjupartý fyrir sína deild. Barnið kemur með ís eða snakk til að bjóða hinum börnunum. Barnið fær kveðjukort frá kennurum og börnum á sinni deild.

Myndlistasýning – bókasafn

Á sumrin heldur Bókasafn Reykjanesbæjar myndlistarsýningu á verkum barna í leikskólum bæjarins. Garðasel hefur ávallt sent verk barnanna á bókasafnið.

Sýningar

U.þ.b. einu sinni á ári er boðið uppá leiksýningar í leikskólanum. Þær eru ýmist í boði leikskólans eða foreldrafélagsins.

Lögreglan/brunavarnir

Brunaæfing er einu sinni á ári. Starfsfólk og börn taka þátt í brunaæfingunni ásamt slökkviliðsmönnum. Á hverri deild er brunaáætlun sem fylgt er eftir á æfingunni. Lögreglan kemur einu sinni á ári ásamt Lúlla löggubangsa og fer yfir umferðarreglur með börnunum, ræðir við þau um hjálma og öryggisbelti. Börnin fá gefins endurskinsmerki að lokinni heimsókn

Hefðir leikskólans varðandi fána

Íslenski fáninn er dreginn að húni á hefðbundnum fánadögum. Foreldrafélagið gaf leikskólanum fána með logói skólans á og flöggum við honum á hverjum degi ef veður leyfir frá marsmánuði fram í október. Hefð er fyrir því að börn leikskólans fari með kennara sínum og dragi fánann að húni. Þessi hefð flakkar á milli deilda, þannig að hvert barn fær það hlutverk að flagga allavega einu sinni á þessu tímabili.

Daglegt líf leikskólans

Daglegt líf í Garðaseli markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu. Dagskipulag skólans er rammi um daglega starfið. Á ákveðnum tímum matast börn, þvo sér, hvíla sig og sofa. Það er m.a. sniðið að þörfum barna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahóps og dvalartíma.

Dagskipulag í Garðaseli

07:30	Garðasel er opnað
07:30 – 09:00	Róleg stund/ Val
08:00 – 09:00	Morgunmatur
09:30 – 10:00	Samverustund
10:00 – 11:00	Hópavinna
11:00 – 11:30	Útivera/ Undirbúningur fyrir hádegisverð
11:20 – 12:30	Hádegismatur yngri/eldri
12:00 – 13:30	Hvíld yngri barna
12:45 – 14:30	Útivera/ Undirbúningur fyrir síðdegishressingu
14:30 – 16:00	Síðdegishressing/ Val
16:00 – 18:15	Frjáls leikur úti/ inni, samvera/ ávaxtastund
18:15	Garðasel lokar

Að koma og fara

Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið í leikskólann. Þegar barnið kemur í leikskólann á að fylgja því inn á sína deild, þar sem kennarar taka á móti því og þegar barnið er sótt verður að láta kennara vita. Skipulagt starf hefst kl.10:00. Gott er að barnið komi á réttum tíma í leikskólann svo það missi ekki af mikilvægum þáttum í leikskólustarfinu. Foreldrum ber að virða þann dvalartíma sem samið hefur verið um. Í lok dags er mikilvægt að kveðja og þakka fyrir daginn, því þá fer barnið ánægt heim og hlakkar til að koma næsta dag í leikskólann.

Fataklefnn

Við gefum okkur tíma í fataklefanum svo börnin geti klætt sig sjálf eftir getu og áhuga. Því meira sem þau eru hvött til að reyna því betri verður færni þeirra í fínreyfingum og samhæfingu augna og handa, þekking á fatnaði, litum og líkama, jafnframt því sem sjálfstæði þeirra, sjálfsmynd og trú á eigin getu eykst.

Borðhald

Í leikskólanum fylgjum við stefnu manneldisráðs og er því lögð áhersla á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat. Matráður í eldhúsi sér um matartilbúning og matseðla sem settir eru upp í hverri viku í fataklefum leikskólans og á heimasíðu. Matmálstíminn á að vera notalegur, kennarar matast með börnunum og gott tækifæri skapast til þess að leiðbeina börnunum við ýmsa almenna borðsiði.

Opinn morgunmat er frá 8:00 til 9:00. Börnunum er frjálst að snæða morgunmatinn á þessu tímabili.

Á öllum deildum leikskólans er hádegisverðurinn tvískiptur. Yngri börnin borða frá kl.11:30 til 12:00 og eldri börnin borða frá kl.12:00 til 12:30.

Börnin taka þátt í undirbúningi matartímans, þau leggja á borð, sækja matinn í eldhúsið, skammta sér sjálf á diskana, nota hnífapör, hella í glasið sitt og ganga frá. Yngri börnin taka einnig þátt í þessum undirbúningi og reyna að ná því marki sem geta þeirra og þroski leyfir.

Opinn síðdegishressing er frá kl. 14:30 til 15:30. Börnunum er frjálst að snæða síðdegishressingu á þessu tímabili.

Svefn og hvíld

Eftir hádegisverð fara yngstu börnin að sofa í hvíldarherberginu með kennurum, þar sem búið er að leggja dýnur, kotta og teppi. Þau börn sem þurfa snuð eða tuskudýr fá að hafa það með. Þau börn sem þurfa ekki á svefni að halda fara í rólega stund. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni.

Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Lögð er áhersla á að öll börn þvo sér um hendur fyrir máltíðir, eftir salernisferðir og útiveru. Yngstu börnin í leikskólanum eru að læra að halda sér hreinum og þurrum. Mikilvægt er að gæta þess að sá ferill gangi vel og jákvætt fyrir sig. Nauðsynlegt er að börnin hafi með sér

aukafatnað sem þau geyma í skúffunum sínum ef “slys” verða. Reynt er að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu.

Umönnun

Ábyrg líkamleg og andleg umönnun er fólgin í því að annast hvert barn af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með góðri og nærgætinni umönnun skapast nán tilfinningatengsl og trúnaðartraust milli barns og fullorðinna. Slík tengsl veita barninu öryggi til þess að láta í ljós tilfinningar sínar, leika sér frjálst og skapandi, eiga frumkvæði, kanna umhverfi sitt og standa á eigin fótum eftir því sem það hefur þroska til.

Frágangur og snyrtimennska

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og leikefni. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi og frágangi fyrir og eftir ýmis verkefni og leik. Lögð er áhersla á að leikföng og efniviður sé aðgengilegt fyrir börnin.

Leikskólastarf – lífsleikni

Leikskólastarfið fléttast saman af fjölbreyttum námssviðum, námsþáttum og daglegu lífi og leik barnsins. Í leikskólanum er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af þroska og þörfum hvers einstaklings. Til þess að svo megi verða er leikskólastarfinu skipt í ýmiskonar leik-, náms- og samverustundir bæði inni og úti.

Lífsleikini byggist á alhliða þroska barnsins, færni þess til samskipta, rökrænna tjáninga og þess að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna elft og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Leikskólinn Garðasel styðst við þróunarverkerkefnið “Lífsleikni í leikskóla” sem unnið er af leikskólunum Krógabóli, Síðuseli, og Sunnubóli á Akureyri. Þróunarverkefnið er þannig uppbyggt að unnið er með dyggðir sem eru vingjarnleiki, virðing, hófsemi, glaðværð, hugrekki, hjálpsemi, þolinmæði, sköpunargleði, kurteisi, áreiðanleiki, samkennd og ábyrgð.

Leikurinn

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins. Hann er mikilvægur í náms- og þroskaferli leikskólabarnsins þ.e. börnin læra í gegnum leikinn. Í Garðaseli veitum við tækifæri til frjáls leiks. Í honum felst mikið sjálfsnám, honum fylgir bæði gaman og alvara. Í leik lærir börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars og í leik lærir barn samskiptareglur og að virða rétt annarra. Reynsla barns endurspeglast í leiknum og til þess að hann geti þróast þarf barn upplifun, hugmyndaflug og efnivið. Í Garðaseli er lagt upp úr því að hafa fjölbreytt leikefni. Búnað til hlutverkaleikja, kubba, leiktæki, hljóðfæri og í hópavinnu með kennurum.

Val

Valkerfi byggir á þeirri hugmynd að barn læri af eigin áhugahvöt, því er börnunum gefið val um leiksvæði, til að gefa þeim kost á að víkka þessa innri áhugahvöt sína. Val er alla daga vikunnar, tvisvar á dag. Börnin geta valið um sjö mismunandi króka, þeir eru:

- Tölva
- Listakrökur
- Leikkrökur
- Einingakubbar
- Hollow block kubbar
- Spila/perlu/púsl krökur
- Furðuföt
- Tilfallandi krökur þar sem ýmislegt er í boði endrum og eins

Fjöldatakmörkanir eru í krókana. Myndir af hverju svæði hanga uppi á vegg. Barnið setur nafnspjald sitt undir mynd af því svæði sem það velur. Ef barnið vill skipta um krók fer það og skoðar spjöldin með valsvæðunum og getur þá fært nafnið sitt yfir á þann stað sem er laust pláss. Með því eflum við sjálfræði og sjálfstraust. Í krökunum leikur barnið með öðrum börnum sem velja það sama í það skiptið og eykur þar félagslegan þroska sinn og lífsleikni.

Markmið með vali er að:

- Gefa frjálsa leiknum gott rými
- Stuðla að sjálfstæði
- Nýta vel búnað og rými skólans
- Bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni
- Börnin dreifist á leiksvæði skólans

Hópavinna/þemavinna

Hópavinna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Barn þarf að læra að leika sér og starfa í barnahópi sem það tilheyrir. Í hópavinnu öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu.

Hópavinna er 4 sinnum í viku, 60 mínútur í senn. Börnunum er skipt niður í aldurskipta hópa, 5 til 10 börn í hóp. Þar sem deildir leikskólans eru aldurskiptar tekst góður kostur á gæðatíma fyrir hvern aldurshóp í hópavinnu til þess að njóta sín í nærveru jafningja sinna. Hver hópur hefur sinn fasta kennara og gefur það honum gott tækifæri til þess að sinna hverjum einstaklingi innan hópsins.

Markmið með hópavinnu er:

- Að efla samkennd barnanna og umhyggju hvert fyrir öðru.
- Að þjálfa börnin að vinna saman í hóp.
- Að börnin vinni með ýmis efni og form og geri eigin uppgötvanir.
- Að börnin upplifi gleði og ánægju yfir verkum sínum.
- Að börnin upplifi og kynnist fjölbreyttu tjáningarformi.

Þemavinna

Í leikskólastarfi er mikilvægt að leggja áherslu á fjölbreyttni í vinnubrögðum og kennsluáðferðum. Í Garðaseli er unnið með Könnunaraðferðina eða Project Approach sem er unnin út frá hugmyndum Reggio Emilia skólana og hefur þróast í Bandaríkjunum. Unnið er með ákveðið verkefni sem tekur yfir lengri eða skemmri tíma og getur tekið allt að eitt ár, eftir áhuga og þróun viðfangsefnisins í höndum barnanna.

Markmiðið með könnunaraðferðinni er:

- Að þroska huga ungra barna og þá er ekki einungis verið að tala um hæfni og þekkingu, heldur einnig um tilfinningalega-, siðferðilega- og fagurfræðilega þætti.
- Að börnin þurfi að læra að takast á við bæði velgengni og mistök og geta greint frá tilfinningum sínum

Við val á þema er tekið mið af áhuga og reynslu barnanna og reynt að styrkja sjálfsvitund og sjálfsmynd barnsins Þema er unnið í hópavinnu og því er lögð áhersla á hópavinnu í vinnu með börnunum. Reynt er að hafa hópana litla og aldursskipta. Einn hópstjóri er með hverjum hóp. Hópstjóri kynnist vel þeim börnum sem er í hópnum og hann því fylgst betur með þroska barnanna og þróun þeirra í sköpunarferlinu.

Markmiðið með þemavinnu er:

- Að örva vitsmuna – félags – tilfinninga og fagurþroska
- Að kenna börnunum að vinna sem hluti af heild að sameiginlegu marki.
- Að tryggja að börnin kynnist margvíslegum efnivið og öðlist ýmsa færni.

Skólaárið 2006 – 2007 er unnið með ákveðið þema fyrir hvern árgang.

2ja ára börn: Ég sjálf/ur, lífsleikni

Markmið:

- Að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Styrkja sjálfsmynd barnsins, öryggi og kenna því að leysa mál sín á friðsamlegan hátt
- Að auka skilning barnsins á líkama sínum, líkamshlutum og starfsemi þeirra

3ja ára börn: Ég sjálf/ur, lífsleikni

Markmið:

- Að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Styrkja sjálfsmynd barnsins, öryggi og kenna því að leysa mál sín á friðsamlegan hátt
- Að auka skilning barnsins á líkama sínum, líkamshlutum og starfsemi þeirra

4ra ára börn: Ég sjálf/ur, fjölskyldan og lífsleikni (vináttan)

Markmið:

- Að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Styrkja sjálfsmýnd barnsins, öryggi og kenna því að leysa mál sín á friðsamlegan hátt
- Að auka skilning barnsins á líkama sínum, líkamshlutum og starfsemi þeirra
- Að barnið upplifi sig sem hluta af fjölskyldu
- Að sjálfsbjargarviðleitni barnsins verði eftl í fataherberginu.
- Að börnin verði hvött til hjálpsemi hvort við annað.
- Að barnið læri eða kynnist vináttu, þ.e. hvetja þarf börnin til að sýna hvort öðru vinarþel.
- Að barnið upplifi sig sem hluta af vinahópi, eigi vini í leikskólanum og utan hans.

5 ára börn: Undirbúningur fyrir grunnskólanám og bærinn minn – Reykjanesbær

Markmið:

- Að auka félagslega færni barnsins til að auðvelda því að starfa í stærri hóp síðar.
- Leggja fyrir börnin áhugaverð og krefjandi verkefni til að viðhalda ánægju og vellíðan í leikskólanum, það styrkir sjálfsmýnd þeirra.
- Undirbúningur fyrir komandi skólagöngu
- Leggja fyrir börnin verkefni í sambandi við lestrarundirbúning s.s. rím, hljóðgreiningu og stafainnlögn. Ásamt því að kenna þeim þulur, ljóð og söngva, lesa fyrir börnin og að þau taki þátt í því með því að spyrja út í lesáttina, láta þau rifja upp söguþráðinn í máli eða myndum og spila við þau alls konar spil.
- Vinna að verkefni með börnunum sem heitir bærinn minn – Reykjanesbær
- Að börnin öðlist þekkingu á heimabæ sínum og nánasta umhverfi þess
- Að börnin þekki hin ýmsu kennileiti Reykjanesbæjar
- Að börnin nemi lesáttina með því að lesið sé á skilti, skildir og opinberar byggingar
- Að börnin nemi stærðfræði með því að telja og flokka eitt og annað í bænum okkar
- Að börnin þekki algengustu formin með því að skoða lögun umferðarskilta, glugga og fleira í nánasta umhverfi

Elstu barna verkefni

Í Garðaseli byrja elstu barna verkefni á haustmánuðum og lýkur um miðjan maí með útskriftarferð og útskriftarhátíð. Unnið er að því að undirbúa þau sem best fyrir grunnskólann. Við leggjum mesta áherslu á þemavinna, málörvun, hreyfingu, vettvangsferðir, samskipti og lífsleikni.

Markmið með elstu barna verkefnum:

- Að auka fjölbreytni barnanna til að undirbúa þau fyrir áframhaldandi skólagöngu

- Að börnin verði sjálfstæðari, geti unnið sjálfstætt og unnið saman að sameiginlegu verkefni
- Að vekja áhuga barnanna á ritmáli
- Að börnin taki á móti fyrirmælum og fari eftir þeim
- Að meta þroska og skilning hvers barns og stefna að því við brottför úr leikskóla hafi það öðlast nauðsynlega þekkingu varðandi stafi, tölur, form, liti og fleira

Elstu barna verkefni eru 4 sinnum í viku, 60 mínútur í senn. Þau samanstanda af verkefnum úr Markvissri málörvun, Ljáðu mér eyra, Ótrúleg eru ævintýri, Tölum saman, hljóðkerfisvitundarspilið Hugur og fluga, lestri framhaldssagna, lífsleikni og námsefninu Svona gerum við og þemavinnu.

Unnið er með grunnþætti hljóðkerfisvitundar þ.e.a.s. rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Hljómpróf eru tekin á elsta árgangi skólans að hausti og svo aftur fljótlega eftir áramót þar sem verið er að kanna hljóðkerfisvitund barna.

Ritmálið er sýnilegt, mikið er merkt, hver nemandi á nafnspjald merkt sínu nafni sem hann notar í val tímum skólans. Einnig eru bókstafir, tölustafir og form sýnileg á veggjum deildanna.

Í vettvangsferðum og kraftgöngu elstu barna er hugað vel að rit- og lesmáli í umhverfinu.

Börnin fá markvissa hreyfingu einu sinni í viku, þar læra þau m.a. inn á líkama sinn. Einnig er markvisst farið í hin algengustu hugtök, s.s. fyrir framan, fyrir aftan, fremstur, aftastur, við hliðina á, undir, yfir, á, í og fleira. Góður hreyfiþroski gefur börnunum betri félagslega stöðu, hann eykur sjálfstraust þeirra, styður málþroska og auðveldar þar með lestrar- og stærðfræðináám.

Einingakubbar eru vel nýttir í starfi leikskólans þar fá börnin að kynnst stærð, þyngd, jafnvægi/burðarþoli kubbana og fjölda. Hugtökin stærri en, minni en, færri en, fleiri en, jafnmargir eru einnig tekin fyrir.

Samverustundir

Í samverustundum er stuðlað að alhliða námi auk þess er lögð áhersla á að eiga notalega stund saman. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra. Í leikskólanum Garðaseli er samverustund tvisvar sinnum á dag 15 – 20 mínútur í senn. Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Einnig er fjallað um efni tengt því þema sem verið er að vinna að. Ýmis fræðsla tengd menningu og listum fer fram, fjallað er um heiti daganna og mánuðanna og einnig er veðráttan og tíðafarið rætt í tengslum við árstíðirnar.

Vettvangsferðir/kraftganga

Vettvangsferðir/kraftganga er einn liður í hópavinnu einu sinni í viku, þær víkka sjóndeildarhring barnanna og þau kynnst nánasta umhverfi sínu og samfélagi.

Markmiðið með vettvangsferðum/kraftgöngu er:

- Að auka þol, snerpu, kraft og úthald
- Að víkka sjóndeildarhring barnsins
- Að kynnst menningu og listum
- Að tengjast nánasta samfélagi sínu

- Að kynnast nánasta umhverfi og náttúru

Börnin fara í vettvangsferðir með kennurum sínum og tengjast þær ferðir því námsefni/þema sem verið er að fjalla um hverju sinni. Í gönguferðum fara öll börn í endurskinsvesti til að tryggja öryggi þeirra. Öll börn í leikskólum Reykjanesbæjar eru slysatryggð.

Útivera

Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Útivera býður uppá góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Hún er börnum holl, styrkir þau og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms t.d. um náttúruna og veðrið. Á Garðaseli fara öll börn út einu sinni til tvisvar á dag

Lestrarmenning Reykjanesbæjar

Lestrarmenning í Reykjanesbæ er þriggja ára þróunarverkefni sem hrundið var af stokkunum til að efla lestrarfærni barna í sveitarfélaginu 2003-2006. Um er að ræða samfélagslegt verkefni sem miðar sérstaklega að samstarfi leik- og grunnskóla, bókasafns, fjölskyldu og félagsþjónustu, heilsugæslu og menningar- og tómstundarstarfs bæjarins auk þátttöku almennings og ýmissa annarra stofnanna hér í bæ. Við í Garðaseli höfum tekið fullan þátt í Lestrarmenningarátaki Reykjanesbæjar og höfum unnið mikið með markvissa málörvun og lestur í okkar daglegu starfi s.s. í vinnustundum, markvissri hreyfingu, frjálssa leiknum og samverustundum en þar er m.a. góður vettvangur málræktar þar sem nemendur hlusta á sögur, syngja, læra þulur og vísur.

Markmið með lestrarmenningu er:

- Að efla málskilning, málnotkun, orðaforða og örva skýran framburð nemenda
- Að efla markvissri hljóðkerfisvitund þeirra og undirbúa þau þannig undir lestrarnám
- Að hvetja þau til að segja frá atburðum og öðru sem þau hafa áhuga á
- Að vekja áhuga þeirra á sögum, ljóðum og þulur
- Að örva ímyndunarafli og forvitni þeirra með lestri bóka
- Að kennarar hugi að markvissri málrækt sem fram fer í hinum ýmsu stundum dagsins s.s. hópavinnu, hreyfingu, fataklefa, samverustund og matmálstímum
- Að allir kennarar sameinist um að hafa fyrir börnunum rétt og fallett íslenskt mál
- Að skapa lestrarmenningu innan leikskólans sem komin er til að vera

Þróunarverkefninu Lestrarmenning í Reykjanesbæ lauk 2006. Þar sem þetta verkefni hefur fest sig í sessi innan leikskólans þá komum við til með að halda ótrauð áfram með það.

Samskipti milli skólastiga

Garðasel hefur átt gott samstarf við heimaskólann sinn Heiðarskóla.

Markmið með samstarfi grunnskóla og leikskóla er:

- Að auðvelda grunnskólakennurum að byggja á því sem nemendur hafa áður lært.

Tvisvar á ári funda deildarstjórar yngsta stigs grunnskóla og kennarar elstu barna leikskólans. Á þessum fundum er farið yfir helstu áherslur grunn- og leikskólastigs. Einnig fara kennarar yfir starf vetrarins og samræma vinnu sína. Elstu börn leikskólans heimsækja Heiðarskóla fjórum til fimm sinnum á ári þar sem farið er í tölvuver skólans, kennslustund, íþróttatíma og bókasafn heimsótt. Nemendur Heiðarskóla heimsækja leikskólann einu sinni til tvisvar á ári. Börn sem fara ekki í Heiðarskóla fá að fara í heimsókn í sinn skóla.

Nám án aðgreiningar – sérkennsla

Öll börn eiga rétt á að dvelja á leikskóla og fá þar þjónustu, örvun og kennslu við sitt hæfi. Þau börn sem þarfnast sérkennslu vegna seinkunar á einhverju þroskasviði, vegna fötlunar eða annarra sérþarfa eru studd eftir föngum til aukins þroska. Unnin er sérkennsluáætlun fyrir hvert barn og miðast hún við að meta sterkar hliðar barnanna og vinna í gegn um þær með leik að örvun og kennslu barnsins. Í leikskólanum Garðaseli starfar leikskólakennari sem hefur umsjón með sérkennslu. Starf hans felst í því að skoða barnahópinn og skima eftir frávikum. Leikskólakennarinn stjórnar sérkennslunni og sér um að unnið sé samkvæmt áætlunum frá sérfræðingum sem metið hafa barnið. Ef grunur vaknar t.d. um að barn sé með seinkaðan málþroska er send inn beiðni á Fræðsluskrifstofu um málþroskamat. Er það gert í fullu samráði við foreldra. Ef beiðnin er samþykkt kemur talmeinafræðingur í leikskólann og metur barnið og kemur með niðurstöður um hvort það þurfi að bregðast við eða ráðleggingar hvað þurfi að gera. Yfirleitt er unnið með barn einstaklingslega eða í hóp með öðrum börnum.

Markmið með sérkennslu er:

- Að styðja barnið þannig að það geti notið leikskólavalar sinnar
- Að skapa aðstöðu til að barnið geti þroskast sem best á eigin forsendum

Yfirumsjón – Sérfræðiþjónusta – Samstarfsaðilar

Málefni leikskóla heyra undir Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Fræðsluráð hefur umsjón með málefnum leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í umboði bæjarstjórnar. Fræðslustjóri er Eiríkur Hermannsson. Leikskólafulltrúi er Guðríður Helgadóttir en hún hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskólanna. Sérkennslufulltrúi er Ingibjörg Hilmarsdóttir en hún hefur yfirumsjón og veitir ráðgjöf vegna sérkennslu til kennara og foreldra. Börn í leikskólum Reykjanesbæjar hafa aðgang að sérfræðiþjónustu á vegum Fræðsluskrifstofu. Á hennar vegum eru starfandi talmeinafræðingar, sálfræðingar og félagsráðgjafar. Sími á Fræðsluskrifstofu er 421-6700.

Hagnýtar upplýsingar

Dvalarsamningur

Dvalarsamningur er gerður við foreldra við upphaf leikskólagöngu barnsins, þar koma fram ýmsar persónulegar upplýsingar er varða barnið og dvalartíma sem foreldrar kaupa.

Vistgjöld

Vistgjöld eru greidd fyrirfram. Greitt er fyrir ein mánuð í senn og gjald lækkar ekki þó barn sé fjarverandi. Hægt er að velja um að greiða vistgjöld annað hvort með greiðslukorti eða greiðsluþjónustu bankanna.

Systkinaafsláttur

Ef barn á systkini í leikskóla eða hjá dagmóður (miðast við 9 mánaða aldur) er veittur afsláttur á vistgjöldum. Fyrir fyrsta barn er greitt 100%, annað barn 50% af vistgjöldum og þriðja barn greiðir fyrir matinn.

Uppsagnir/breytingar

Uppsagnafrestur á leikskólavist er minnst einn mánuður og miðast við fyrsta hvers mánaðar eða 15. hvers mánaðar og skal plássinu sagt upp hjá leikskólastjóra. Skuldi foreldrar þrjá mánuði eða meira eiga þeir á hættu að barnið missi leikskólaplássið. Óskir um breytingar á vistunartíma skal einnig sækja um skriflega hjá leikskólastjóra. Það skal gert fyrir 10. hvers mánaðar.

Fjarvistir barna/ óhöpp eða slys

Æskilegt er að tilkynnt séu forföll barna til leikskólans. Veikist barn eða slasast í leikskólanum ber deildarstjóra að meta ástand þess. Ef tilefni er til lætur hann foreldrar eða aðra aðstandendur vita svo þeir geti gert ráðstafanir til að sækja það. Ef ekki næst í þá verður að hlúa að barninu eins vel og hægt er eða fara með barnið á slysamóttöku HSS. Börn í leikskólum Reykjanesbæjar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Deildarstjóri í samráði við foreldra metur þörfina fyrir inniveru eftir veikindi barns. Taka skal tillit til aðstæðna hverju sinni.

Fatnaður

Mikilvægt er að allur fatnaður barnanna sé vel merktur. Mörg börn ganga um leikskólann dag hvern og alltaf er hættá á að fatnaður tynist. Einnig er mikilvægt að klæðnaður hefti ekki barn í leikgleði sinni. Í leikskólanum er unnið með margvíslegan efnivið, því getur málning, lím og fleira farið í fatnað barnanna þó starfsfólk leiti allra leiða til að það gerist ekki. Nauðsynlegt er að aukafatnaður sé í tösku barnanna ef óvænt slys verða. Mikilvægt er að börnin hafi með sér hlýjan fatnað, regnfatnað, stígvél, húfu og vettlinga í tösku vegna síbreytilegrar veðráttu hér á landi.

Lyfjagjöf

Æskilegt er að foreldrar hagi lyfjagjöf barna sinna þannig að leikskólinn þurfi ekki að bera ábyrgð á henni. Ef ekki verður hjá því komist gilda ákveðnar reglur um lyfjagjöf og meðferð lyfja sem eru sameiginlegar fyrir alla skóla Reykjanesbæjar

- Yfirlýsing frá lækni um nauðsyn þess að lyfjagjöfin fari fram í leikskóla skal liggja fyrir
- Skrifleg fyrirmæli frá foreldrum um lyfjagjöfina

Öll lyf eru geymd í læstum hirslum inn á hverri deild, þar sem börn ná ekki til. Deildarstjóri felur einum leikskólakennara ábyrgð á lyfjagjöf til barns/barna.

Breyting á högum

Mikilvægt er að foreldrar tilkynni breytt heimilisfang og símanúmer bæði heima og í vinnu. Einnig biðjum við foreldra að láta vita um stórvægilegar breytingar á högum fjölskyldunnar t.d. við skilnað, andlát og eða alvarleg veikindi. Gott upplýsingastreymi gerir okkur kleift að veita barninu réttan stuðning við ákveðnar aðstæður.

Leikföng

Í leikskólanum er til mikið af fjölbreyttum efnivið til leikja og því þurfa börnin ekki að hafa með sér leikföng að heiman. Ef barnið finnur þörf fyrir það að koma með eitthvað ákveðið leikfang sem það tengir við heimili sitt þá er það leyfilegt enda er reynslan sú að fljótlega snúa þau sér að öðru og leikfangið fer í töskuna. Engin ábyrgð er tekin ef leikföng barnanna skemmast eða tynast.

Fréttabréf

Fréttabréf er gefið út annan til þriðja hvern mánuð.

Þar er fjallað um málefni leikskólans, hvað er framundan í starfinu og ýmsar upplýsingar til foreldra. Foreldrafélagið hefur einnig sett sínar fréttir í fréttabréfið.

Fréttabréfið er unnið af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Heimasíða leikskólans

Leikskólinn opnaði heimsíðu 17. mars 2006. Þar koma fram allar upplýsingar um skólann, ýmsar fréttir og myndir úr starfinu settar inn og foreldrar geta skoðað matseðill eina viku í senn.

Skipulagsdagar

Kennarar leikskólans eiga rétt á þremur skipulagsdögum á ári. Tveir fara fram á virkum dögum og þá er leikskólinn lokaður. Þessir dagar eru nýttir til faglegra starfa/samvinnu og endurskipulagningu. Foreldrum er tilkynnt um þessa daga með mánaðarfyrirvara. Þriðji skipulagsdagurinn er tekinn í framhaldi af sumarfrí.

Sumarleyfislokun

Leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis starfsmanna 24 virka daga yfir sumartímamann. Sumarfríð er auglýst á töflu skólans í fataklefanum, einnig í fréttabréfi og á heimasíðu skólans. Frín eru breytileg á milli ára.

Aðfangadagur og gamlársdagur

Leikskólinn er lokaður aðfangadag og gamlársdag.

Trúnaðar- og tilkynningaskylda

Garðasel leggur áherslu á að trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskólans undirritar sérstakt þagnarheiti sem heldur gildi sínu þótt látið sé af störfum.

Ef leikskólakennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barna sé ekki sinnt ber að tilkynna það til starfsmanna fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar sbr.13. grein laga um málefni barna og ungmenna.

Ársáætlun / dagatal

Á hverju hausti er unnin ársáætlun fyrir hvert skólaár, frá 1. september til 31. ágúst. Í ársáætlun koma fram helstu þættir sem áætlað er að taka fyrir næsta skólaár t.d. foreldrafundur, ýmsar ferðir og viðburðir sem eru á dagskrá. Ársdagatali er dreift til allra foreldra á haustin.

Ársskýrsla

Samkvæmt lögum ber leikskólastjóra að gera rekstaraðila grein fyrir starfi liðins árs. Ársskýrsla er unnin eftir ákveðnu formi, því sama fyrir alla leikskóla Reykjanesbæjar. Eintak af ársskýrslu leikskólans liggur frammi á öllum deildum Garðasels fyrir foreldra. Leikskólafulltrúi vinnur sameiginlega ársskýrslu fyrir alla leikskóla Reykjanesbæjar og er hún meðal annars send Skóla- og fræðsluráði Reykjanesbæjar.

Upplýsingatafla

Upplýsingatafla hangir í fataklefa. Þar koma allar upplýsingar fram til foreldra og forráðamanna.

Handbók um áföll og teymisvinnu

Skólar og leikskólar verða að móta sér stefnu um það hvernig takast eigi á við sorg barn innan veggja stofnunarinnar, því sorgin getur bankað uppá þegar minnst varir. Þar sem leikskólinn tekur orðið svo stóran hluta af tíma barnsins, þarf það að finna þar öryggi og skjól og vita að þeir sem þar starfa, láti sér annt um líðan þess og að það geti leitað til þeirra sem þar starfa í trúnaði. Vinna þarf í samstarfi við foreldra og aðstandendur barna og gera barni mögulegt að vinna með tilfinningar sínar á þann hátt sem einstaklingnum líður best með. Hvernig tekið er á áföllum í leikskólanum getur skipt sköpum um það hvernig barninu gengur að vinna úr sorginni.

Í leikskólanum Garðaseli er starfandi áfallateymi sem kemur að sorgarferli eða áföllum innan leikskólans. Í áfallateyminu eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar sem eru ávallt lykilpersónur á sinni deild ef sorgin ber að dyrum. Þeirra starf er að halda utan um ferlið sem fer að stað, sjá um að hver starfsmaður á deild kynni sér handbók sem til er í leikskólanum um sorg, missi og viðbrögð.

Hver má koma með/ sækja barnið í leikskólann

Ekki er leyfilegt að börn yngri en 12 ára komi með eða sækji barnið,

Í fyrsta viðtali gefa foreldrar til kynna hvaða einstaklingar gegna því hlutverki að koma með og sækja barnið að jafnaði. Ef óvænt verða breytingar þurfa foreldrar að láta starfsfólk leikskólans vita.

Viðtalstímar

Viðtalstímar starfsfólks leikskólans eru eftir samkomulagi. Ef foreldrar þurfa að ræða við starfsfólkið er gott að hafa einhvern fyrirvara á því og panta viðtalið með nokkurra daga fyrirvara ef það er hægt.

Foreldrasamvinna – markmið og áherslur

Þegar börn dvelja langan tíma í leikskóla er mikilvægt að góð samvinna og traust skapist milli foreldra og starfsfólks. Gott upplýsingaflæði þarf að eiga sér stað til að dvöl barnsins verði sem ánægjulegust.

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Mikilvægt er að foreldrar þekki kennara barnsins og annað starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti.

Markmið með foreldrasamstarfi er:

- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Foreldrafélag

Foreldrafélagið hefur það markmið að tryggja sem besta velferð barna í Garðaseli og efla samvinnu heimilanna og leikskólans.

Í stjórn þess eiga tíu foreldrar sæti ásamt einum tengilið frá kennurum leikskólans.

Foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir foreldrafélagsins þegar barnið byrjar í leikskólanum.

Foreldrafélagið hefur staðið fyrir jólaskemmtun og jólarútu ár hvert, sveitaferð annað hvert ár, gefið gjafir til leikskólans og útskriftanema.

Foreldrafélagið hefur séð um sumarhátíð ásamt leikskólanum.

Á aðalfundi félagsins hafa verið fengnir fyrirlesarar sem fjalla um ýmis uppeldistengd málefni t.d hreyfingu, málþroska, lestrarfærni og listir.

Foreldrasamtöl

Viðtöl við foreldra eru einu sinni ári í febrúar/mars en oftast ef þörf krefur. Deildastjórar ákveða tíma fyrir foreldra, ef það hentar ekki þá er fundinn annar. Viðstaddir viðtal eru deildarstjóri og hópstjóri.

Þar er farið í gegnum atferlisathuganir, hljómpróf, MOT hreyfiþroskapróf, gátlista og aðrar sambærilegar athuganir. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið.

Samstarf heimilis og leikskóla

Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Kynningarfundur er haldin á vorin fyrir alla nýja foreldra sem byrja með börn í Garðaseli. Þegar barnið fær leikskólavist er foreldrum boðið í viðtal til leikskólastjóra sem kynnir leikskólann og stefnu hans. Í framhaldi af því tekur deildarstjóri við, fer yfir hagnýtar upplýsingar, kynnir starfið og sýnir skólann. Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

Aðlögun

Þegar barnið byrjar í leikskólanum fer af stað ákveðið aðlögunarferli. Barnið fær smám saman að venjast nýjum aðstæðum, kynnast starfsfólki og öðrum börnum. Í fyrsta viðtali fá foreldrar afhenta áætlun um aðlögunartímann. Oftast er þessi aðlögunartími í eina viku en það ræðst af þörfum hvers einstaklings hversu langur tíminn er. Mikilvægt er að standa vel að aðlögunarferlinu svo barninu eigi eftir að líða vel í leikskólanum.

Markmiðið með aðlögun er:

- Að efla öryggiskennd og vellíðan barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum á milli fjölskyldu barnsins og leikskólans, mikilvægt er að báðir foreldrar taki þátt í aðlöguninni.

Flutningur á milli deilda

Þegar leikskólaganga barnsins er u.þ.b. hálfnuð flyst barnið yfir á eldri deild. Mikilvægt er að standa vel að því þegar barnið færast á milli deilda, sem gerist á tímabilinu frá 1. maí fram í septemberlok. Foreldrum er tilkynnt tímalega um væntanlegan flutning. Deildarstjórar skipuleggja heimsóknir barna sem eiga að flytjast á milli deilda og geta þær staðið yfir í allt að tvær vikur eða svo lengi sem það tekur hvert barn að aðlagst nýrri deild. Deildarstjórar á eldri deildum hitta foreldra og fara yfir allar hagnýtar upplýsingar. Foreldrar eru að sjálfsögðu velkomnir á nýju deildina og mega þeir ef þeir vilja vera með barni þar hluta úr degi þegar barnið hefur flutt sig.

Innra/ ytra mat – mat á leikskólastarfi

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan.

Mat á leikskólastarfi er skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat leikskólans og skal það framkvæmt af starfsmönnum hans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi leikskólans sem gerð er af utanaðkomandi aðila.

Innra mat í Garðaseli

Í Garðaseli eru ýmsir þættir í leikskólastarfinu metnir reglulega af kennurum skólans t.d. fyrirkomulag hópavinnu, máltíða, samverustunda, foreldraviðtala, útivistar. Árlega er þroski barnsins metinn með Hljóm 2 prófi, atferlisathugunum, Mot – hreyfiproskaprófi og gátlistum sem gerður er fyrir elstu börnin á vorönn. Við endurmetum leikskólastarfið á starfsmannafundum sem eru einu sinni í mánuði og eins er gert á skipulagsdögum sem haldnir eru þrisvar yfir árið. Starfsmannasamtöl eru haldin einu sinni á ári, þar ræða leikskólastjóri og starfsmaður saman. Einnig eru samtöl á milli deildarstjóra og annarra kennara á viðkomandi deild einu sinni á ári.

Innra mat er metið með hinum ýmsu prófum og athugunum sem eru: Hljóm

Á síðasta leikskólaári barnsins er gerð athugun á hljóð og málvitund þess. Tilgangurinn er sá, að með því megi finna strax í leikskóla þau börn sem eru hugsanlega í áhættu fyrir lestrarörðugleika og greina hvaða þættir skipta þar mestu máli. Þá er unnið með þá þætti sem börnin þurfa aðstoð við t.d. með málörvunarleikjum, rími, samstöfum, orðahlutaeyðingu og fleiru.

MOT – hreyfiþroskapróf

MOT er hreyfiþroskapróf sem gert er á börnum 4 – 6 ára. Tilgangurinn með prófinu er að finna og greina hver staða barnsins er í hreyfiþroska.

Atferlisathuganir

Atferlisathuganir eru gerðar á börnum í leikskólanum. Atferlisathugun skiptist í 6 flokka sem eru grófhreyfingar, fínhreyfingar, málskilningur/tjáning, nám, félagsleg samskipti og sjálfshjálp.

Íslenski þroskalistinn

Ef grunur vaknar um frávik í þroska er íslenski þroskalistinn notaður til að meta þroska þriggja til sex ára barna. Foreldrar barnanna svara listanum um getu þeirra á mál- og hreyfisviði á þeim tíma þegar listinn er fylltur út. Haft er samband við foreldra þeirra barna sem ástæða þykir til að athuga nánar. Í framhaldi er þeim svo vísað áfram til talmeinafræðings, iðjuþjálfara eða sálfræðings til frekari athugunar.

Ytra mat

Samkvæmt lögum metur Menntamálaráðuneytið a.m.k. einn leikskóla á ári. Á tveggja ára fresti gerir Reykjanesbær könnun á viðhorfi foreldra til leikskólustarfs í leikskólum Reykjanesbæjar. Er hún lögð fyrir í öllum leikskólum bæjarins. Við teljum að þetta hjálpi okkur til að víkka sýn okkar á leikskólustarfið.